

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað tölunnar „30“ í lok 1. másl. 1. mgr. 2. gr. reglnanna kemur: 40.

2. gr.

Í stað tölunnar „50“ í lok 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglnanna kemur: 54.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. breytist og orðast svo:
Fjöldi nýrra nemanda í ljósmóðurfræði til starfsréttinda takmarkast við töluna 12.
- b. 2. mgr. breytist og orðast svo:
Við inntöku í meistaranám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda er tekið mið af:
 - a. Einkunnunum.
 - b. Annarri menntun og/eða starfsreynslu.
 - c. Frammistöðu í viðtali.
- c. Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Námsnefnd í ljósmóðurfræði fjallar um umsóknirnar og tekur ákvörðun um val stúdenta.
- d. 2. másl. núverandi 3. mgr. orðast svo: Um framkvæmd fjöldatakmörkunar í grunnnámi í hjúkrunarfræði gilda reglur um samkeppnispróf, sem aðgengilegar eru á vef hjúkrunarfræðideildar.

4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum félagsvísindasviðs og heilbrigðisvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og verður beitt frá og með háskólaárinu 2019–2020.

Háskóla Íslands, 7. desember 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.